

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs

annars vegar

og

Kennarasamband Íslands

hins vegar

gera með sér svofellt

**SAMKOMULAG**

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

Þessum kjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra er ætlað að skapa innan framhaldsskóla þau starfsskilyrði sem nauðsynleg eru til að markmið nýrra laga um skólastarf nái fram að ganga. Enn fremur er leitast við að skapa nýja og bætta umgjörð um kennarastarfið og færa laun kennara þannig til betri vegar um leið og skólum verður gert auðveldara að rækja hlutverk sitt.

Með samningnum er leitast við að gera þetta fyrst og fremst með því að aðlaga kjarasamninginn að breyttum viðmiðum laga um framhaldsskóla um námseiningar og færa útfærslur faglegs starfs skóla og kennara frá samningsaðilum til fagfólks í skólamálum. Það er gert með áætlun um samningu nýs vinnumats og innleiðingu þess sem fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins og kennara munu leiða í samstarfi sín á milli með þátttöku fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Með því er þess vænst að hagur bæði skóla og kennara batni, auk þess sem skólaþróun verði auðveldari innan skólanna til að mæta margvíslegum þörfum nemenda.

Þessu til stuðnings verður fjárhagur skóla styrktur og umbúnaður um fjárveitingar og skiptingu þeirra á milli skóla bættur til að ná fram markmiðum laganna og kjarasamningsins. Samningsaðilar telja að með samningnum aukist möguleikar skóla til að haga starfi sínu með breytilegum hætti.

## I. hluti

### 1. grein

#### Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. mars 2014 til 31. október 2016 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

### 2. grein

#### Launahækkanir

Launahækkanir verða með eftirfarandi hætti:

1. mars 2014:	2,8%	Almenn launahækkun.
	4,0%	Vegna þeirra breytinga er í samningi þessum felast. Sjá meðfylgjandi launatöflu í fylgiskjali 1.
1. ágúst 2014	5,0%	Vegna þeirra breytinga er í samningi þessum felast.
1. janúar 2015	2,0%	Almenn launahækkun.
1. maí 2015	8,0%	Vegna nýs vinnumats.
1. janúar 2016	2,0%	Almenn launahækkun.



### 3. grein Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 73.600 kr.  
Á árinu 2015 Almenn uppbót ríkisstarfsmanna 2015

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 39.500 kr.  
Á árinu 2015 Almenn uppbót ríkisstarfsmanna 2015  
Á árinu 2016 Almenn uppbót ríkisstarfsmanna 2016

### 4. grein Brottfall álagsþreps

Launataflan hækkar 1. mars 2014 við það að álagsþrep, samkvæmt bókun 3 með samkomulagi aðila dags. 26. maí 2011, fellur brott. Sjá meðfylgjandi launatöflu í fylgiskjali 1.

## II. hluti

### 5. grein Starfstími skóla

Frá og með gildistöku samnings þessa breytist grein 2.1.5.1 og verður svohljóðandi:

#### 2.1.5.1 Árlegur starfstími

Starfstími framhaldsskóla er ákveðinn með lögum og í reglugerð er fjallar nánar um útfærslu hans.

Verði breytingar á þessum ákvæðum laga og reglugerðar gildir málsmeðferð samkvæmt síðasta hluta 7. greinar þessa kjarasamnings.

Sjá um starfstíma á skólaárinu 2014 – 2015 í bókun 2 með samningi þessum og viðauka við viljayfirlýsingu mennta- og menningarmálaráðherra 4. apríl 2014.

## Nýtt vinnumat

### 6. grein Nýtt vinnumat skólaárið 2015- 2016

Frá og með skólaárinu 2015 – 2016 verður tekið upp nýtt vinnumatskerfi í framhaldsskólum. Það kerfi byggir á skiptingu vinnu kennara í þrjá þætti, A, B og C.

Í A þætti eru kennsla og þættir tengdir henni samkvæmt vinnumati. Í B falla þau verkefni sem eru fastur hluti vinnuskyldunnar við annað en kennslu og allir kennarar þurfa að sinna að lágmarki og í C falla verkefni/viðbótarstörf sem kennarar taka að sér í samráði við skólameistara.

Með upptöku nýs vinnumatskerfis samkvæmt þessum kjarasamningi frá 1. ágúst 2015 er horfið frá núgildandi ákvæðum um vinnumat og hafa samningsaðilar því orðið ásáttir um að tekið verði mið af eftirfarandi meginlínunum um skiptingu vinnuþátta við nánari útfærslu vinnumatsins:

AS  
09/15

A. Kennsluþáttur:

Kennsluþátturinn er metinn eftir:

Tegund kennslunnar, nemendahópnum, undirbúningi kennslunnar, umfangi námsmats, námseiningum nemenda og öðru sem veldur því að heildarvinna við ólíka áfanga er mismikil, til dæmis föst tækja- og stofuumsjón.

Persónubundnum þáttum eins og fjölda námsefna sem kennari kennir og mögulega fleiru.

B. Fastur hluti vinnuskyldunnar auk kennsluþáttar:

Í þessum hluta eru þættir sem allir kennarar þurfa að sinna í sama mæli að lágmarki svo sem fundir ýmiss konar (kennarafundir, faghópafundir, skólafundir og fleira), viðtalstímar, almenn upplýsingagjöf, umsjón, faglegt samstarf kennara bæði innan námsgreinar og þvert á greinar, viðhald námskrár, þátttaka í sjálfsmati, símenntun og starfsþróun. Hverjum skóla er heimilt að auka við þennan þátt enda dragi þar með samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu hvers kennara.

C. Sérstök verkefni/viðbótarstörf:

Sérstök verkefni/viðbótarstörf sem kennarar taka að sér í samráði við skólameistara. Þetta getur til dæmis verið umsjón með nemendum sem er umfram almennar umsjónarskyldur, fagstjórn og sérstök tækja- og stofuumsjón, umfangsmeiri námskrárvinna en sú sem B felur í sér og ýmis viðbótarstörf (verkefnisstjórn, skólaþróun, námsefnisgerð og fleira). Þessi upptalning er ekki tæmandi.

## 7. grein

### Viðmið um vinnumat kennara

Mat á vinnu kennara vegna námsáfanga er byggt á áfangalýsingu viðkomandi áfanga og er unnið af kennurum og skólastjórnendum. Vinnumat skal byggja á hlutlægum viðmiðum og málefnalegum tilefnum. Eftirfarandi þættir eru metnir eftir því sem við á en fleiri þættir koma einnig til greina.

#### Umfang

Einingafjöldi áfanga.

#### Nemendafjöldi\*

Nemendafjöldi í námshóp að teknu tilliti til ákvæða um hámarksnemendafjölda í auglýsingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins, nú nr. 4/2001, og nemendafjöldaviðmiða í reiknilíkani.

#### Gerð og samsetning nemendahópsins\*

Námsstaða nemenda.

#### Kennsluhættir\*

Tímamagn, form kennslu (til dæmis fjar- og dreifkennsla), námshraði og yfirferð.

#### Undirbúningur

UpphafsunDIRbúningur, stöðugur undirbúningur og úrvinnsla. Nýir áfangar, endurhönnun áfanga, þverfagleg kennsla.

#### Námsmat\*

Verkefni, próf, endurgjöf og leiðsagnarmat.

#### Námsefni

Hvort til er námsefni eða hvort semja þarf það að hluta til eða öllu leyti.

## Hæfniprep

Skipun námsáfanga á hæfniprep (1 til 4) getur haft áhrif á vinnu kennara, svo sem undirbúning, samningu verkefna og prófa og úrvinnslu.

*\*Stjórnumerktir eru þeir þættir þar sem taka þarf tillit til gildandi ákvæða kjarasamnings og aðlaga nógildandi greinar að nýju vinnumati, samanber 12. grein. Sama á við um hliðstæð ákvæði í reglugerðum og auglýsingum mennta- og menningar- málaráðuneytisins.*

**Áhrif persónu-/aðstæðubundinna þátta á frávik frá grunnumati áfanga**  
Fjöldi námsefna, endurteknir áfangar eða önnur sambærileg atriði.

## Sívirkt mat

Breytingar á hlutlægum viðmiðum sem eiga við um mat á vinnu kennara vegna námsáfanga skulu hafa áhrif á vinnumat áfangans á hverjum tíma.

Vinnumat áfanga skal vera óbreytt frá upphafi til loka hans nema nemendafjöldi sé við mat, eftir þriðjung tímalengdar áfanga, umfram þau viðmið sem sett hafa verið. Sama gildir um íþyngjandi breytingar samkvæmt öðrum viðmiðum.

## Sveigjanlegt mat vegna meginbreytinga

Verði meginbreytingar gerðar á útfærslu skóla á leiðum til námsloka svo sem tímalengd náms eða öðru ytra skipulagi sem hefur áhrif á kennslufyrirkomulag innan skólans skal endurmeta vinnumat áfanga sem tilheyrir slíkri breytingu.

Við slíkt endurmat skal meðal annars taka tillit til þess hvort aukið álag fylgi nýju fyrirkomulagi svo sem vegna hraðari yfirferðar námsefnis en í venjulegu skólahaldi eða annars sem áhrif kann að hafa á vinnu kennara.

Slíkt mat verður unnið á sama hátt og almennt vinnumat og ræðst af þeim breytingum sem gera á.

## 8. grein

### Stærðir þátta A, B og C í vinnumati kennara

Grundvöllur að vinnumati kennara er almenn ársvinnuskylda sem reiknast 1.800 klst. á ári að frádregnu lágmarksorlofi og helgidögum. Hún dreifist hins vegar með öðrum hætti innan ársins en almennt gerist og er deilt upp í sérgreinda vinnuþætti.

**Þáttur A** byggir á vinnumati þeirra áfanga sem kennari tekur að sér á hverjum tíma og er í grunn 1.440 klst. á ári. Þá hefur fastur hluti í B þætti, 360 klst. verið dreginn frá 1.800 klst. ársvinnuskyldu. Taki kennari að sér verkefni eða viðbótarstörf samkvæmt þætti C eða verði almenn aukning í þætti B þá minnkar stundafjöldi í A þætti samsvarandi. Um samspil þessara þátta er nánar fjallað í viðauka 1.

**Þáttur B** byggir á föstum störfum sem allir kennarar þurfa að sinna til viðbótar við kennsluþáttinn. Stærð B þáttar er að lágmarki 360 klst. á ári. Hverjum skóla um sig er heimilt að auka tímabundið við þennan þátt allt að 40 klst. á ári enda dragi þar með samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu hvers kennara. Í viðauka 1 er sundurliðun á vinnuþætti B.

**Þáttur C** byggir á sérstökum verkefnum eða viðbótarstörfum sem kennari tekur að sér í samráði við skólameistara. Sá tími sem verkefnunum/viðbótarstörfunum er ætlaður dregur samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu viðkomandi kennara.

## 9. grein Framkvæmdaaðilar vinnumats og umsýsla

### 9.1 Verkefnisstjórn

Samhliða undirritun kjarasamnings verður sett á stofn verkefnisstjórn til að hafa yfirumsjón með undirbúningi og innleiðingu nýs vinnumats kennara í framhaldsskólum. Hún verði skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af mennta- og menningarmálaráðuneyti, einum af fjármála- og efnahagsráðuneyti og þremur af Kennarasambandi Íslands. Mennta- og menningarmálaráðuneytið annast umsýslu og rekstur verkefnisstjórnarinnar. Um viðfangsefni verkefnisstjórnar er fjallað nánar í viðauka 2.

### 9.2 Vinnumatsnefndir

Til að undirbúa og innleiða nýtt vinnumat verði stofnaðar vinnumatsnefndir samkvæmt nánari ákvörðunum verkefnisstjórnar. Hver vinnumatsnefnd skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur tilnefndum af Kennarasambandi Íslands og tveimur tilnefndum af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Um hlutverk vinnumatsnefnda er fjallað nánar í viðauka 2.

### 9.3 Úrskurðarnefnd

Úrskurðarnefndin skal skipuð þremur fulltrúum. Kennarasamband Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti tilnefna sinn hvorn og ríkissáttasemjari einn og skal hann vera formaður og kallar nefndina saman að fengnum tilnefningum aðila. Úrskurðarnefndin setur sér sjálf starfsreglur.

Við úrlausn vinnumatsdeilu skal úrskurðarnefndin hafa til hliðsjónar þær tillögur sem aðilar hafa sett fram. Nefndin skal skila úrskurði ekki síðar en 30 dögum eftir að málinu var vísað til hennar. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur.

### 9.4 Umsýsla

Mennta- og menningarmálaráðuneytið annast, í samráði við samningsaðila, umsýslu og fjárreiður verkefnisstjórnar, vinnumatsnefnda og úrskurðarnefndar.

## 10. grein Umfjöllun um vinnumat á kennarafundum

Um nýtt vinnumat samkvæmt kjarasamningi skal fjallað á kennarafundum í framhaldsskólum jafnt á undirbúnings- og kynningarstigi og á meðan vinna við vinnumatið fer fram eftir samþykki í atkvæðagreiðslu. Niðurstöður eða lokagerð vinnumats í hverjum skóla skal kynna og ræða á kennarafundi.

## 11. grein Samráð við trúnaðarmenn

Skólameistarar kynna trúnaðarmönnum Kennarasambands Íslands í hverjum framhaldsskóla stöðu vinnu við vinnumat á meðan á henni stendur sem og lokaniðurstöðu. Skólameistarar eru ábyrgir fyrir því að vinnumat áfanga í skólunum sé aðgengilegt kennurum á hverjum tíma.

## 12. grein

### Aðlögun nógildandi greina að nýju vinnumati

Aðilar munu hefja vinnu við að aðlaga nógildandi greinar kjarasamningsins að nýju vinnumati með það að markmiði að ákvæði þeirra samlagist vinnumatinu. Sérstök áhersla er á ákvæði sem eru í nógildandi samningum og skarast við viðmið um vinnumat kennara í 7. grein þessa samnings. Þessar samningsgreinar snerta sérstaklega gerð og samsetningu nemendahópsins, kennsluhætti og námsmat.

Því til viðbótar mun mennta- og menningarmálaráðuneytið í samráði við Kennarasamband Íslands búa um ákvæði reglugerða og auglýsinga sem varða viðmið um nemendafjölda.

Aðilar telja nauðsynlegt að verkefnisstjórn samanber 9. grein fái niðurstöður vinnuhóps samningsaðila, sem vinna mun að þessu verkefni, eftir því sem verkinu vindur fram og að lokaniðurstöður aðila séu fram komnar í heild ekki síðar en í lok nóvember 2014.

Þær breytingar sem sátt verður um taka gildi með samþykkt vinnumatsins en ella ekki.

## 13. grein

### Atkvæðagreiðsla um vinnumat

Í síðasta lagi fyrir lok febrúar 2015 fari fram atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna Kennarasambands Íslands, sem samningur þessi tekur til, um upptöku nýs vinnumats á grundvelli útfærslu kennsluþáttar (A-hluta). Þá liggi fyrir útfærsla og sýnidæmi verkefnisstjórnar og vinnumatsnefnda sem kennarar og skólar hafa átt kost á að kynna sér.

Um atkvæðagreiðsluna og áhrif hennar gildir eftirfarandi:

Hún skal vera leynileg allsherjaratkvæðagreiðsla allra félagsmanna Kennarasambands Íslands sem samningur þessi tekur til. Til að fella tillöguna þarf að minnsta kosti helmingur félagsmanna að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og meirihluti þeirra að hafa greitt atkvæði gegn tillögunni.

Samþykki félagsmenn upptöku vinnumats kennsluþáttar (A-hluta), er þar með komið fullnaðarsamþykki á upptöku nýs vinnumats og skólar geta innleitt það.

Felli meirihluti félagsmanna upptöku vinnumats kennsluþáttar (A-hluta), er samningurinn laus án frekari fyrirvara. Þá munu greinar 6 – 12 auk þeirra hluta greina 2 og 3 sem ekki eru komnar til framkvæmda í samningi þessum, falla niður og ákvæði eldri kjarasamnings halda gildi sínu að undanskilinni grein 2.1.5.1, samanber 5. grein þessa samnings, þó ekki 2. málsgrein þeirrar greinar.

## III. hluti

## 14. grein

### Samningsforsendur

Komi til þess að á árinu 2014 og 2015 verði samið um frekari almennar launahækkanir en í samningi þessum greinir skal sambærileg breyting gilda um þennan samning. Sama gildir um árið 2016 að teknu tilliti til samningslengdar.

Verði samið um aðrar marktækar breytingar skulu aðilar fjalla um það sín á milli hvort og þá með hvaða hætti þær hafi áhrif til breytinga á þessum samningi.

Jafnframt verði, á árinu 2016, áhrif nýs vinnumats á launasamsetningu og launaþróun félagsmanna Kennarasambands Íslands metin sérstaklega.


Sérstök nefnd sem skipuð skal tveimur fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis og tveimur fulltrúum Kennarasambands Íslands skal fjalla um þessi atriði í samræmi við erindisbréf sem henni verður sett.

**15. grein**  
**Atkvæðagreiðsla**


Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 23. apríl 2014 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 4. apríl 2014

f.h. samninganefndar ríkisins  
með fyrirvara um samþykki  
fjármála- og efnahagsráðherra



f.h. Kennarasambands Íslands  
með fyrirvara um samþykki  
félagsmanna



# BÓKANIR

með kjarasamningi  
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og  
Kennarasambands Íslands  
dags. 4. apríl 2014

## Bókun 1

Aðilar eru sammála um að 0,1% iðgjald til mennta- og fræðslusjóða sem um getur í samkomulagi aðila um breytingar á kjarasamningum vegna ríkisrekkinna framhaldsskóla 15. febrúar 2013 verði nýtt til að stuðla að aukinni þekkingu um mannauðsmál og til að styrkja stöðu þeirra sem starfa í umboði Kennarasambands Íslands í framhaldsskólum.

Aðilar eru sammála um að iðgjaldið verði reiknað af heildarlaunum félagsmanna Kennarasambands Íslands í ríkisreignum framhaldsskólum og það lagt á sérstakan biðreikning frá og með 1. mars 2014. Framlagið skal millifært, samkvæmt samkomulagi aðila, til Kennarasambands Íslands frá og með 1. ágúst 2014.

## Bókun 2

Þrátt fyrir afnám skila milli kennslu- og prófatíma þarf áfram að gæta þess að nægur tími gefist innan dagvinnuársstarfs kennara til þess að sinna námsmati nemenda eins og skylt er samkvæmt lögum.



## Viðauki 1

með kjarasamningi  
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og  
Kennarasambands Íslands  
dags. 4. apríl 2014

### Samspil vinnuþátta í vinnumati og sundurliðun vinnutíma

Grundvöllur að vinnumati kennara er almenn ársvinnuskylda sem reiknast 1.800 klst. á ári að frádregnu lágmarksorlofi og helgidögum. Ársvinnuskyldunni er deilt upp í sérgreinda vinnuþætti. Þessir vinnuþættir sem verða þættir A, B og C reiknast með eftirfarandi hætti.

**Þáttur A** byggir á vinnumati þeirra áfanga sem kennari tekur að sér á hverjum tíma og er í grunn 1.440 klst. á ári. Þá hefur fastur hluti í B þætti, 360 klst. verið dreginn frá ársvinnuskyldunni. Taki kennari að sér verkefni eða viðbótarstörf samkvæmt þætti C eða verði almenn aukning í þætti B þá minnkar stundafjöldi í A þætti samsvarandi.

**Þáttur B** byggir á föstum störfum sem allir kennarar þurfa að sinna til viðbótar við kennsluþáttinn. Stærð B þáttar er að lágmarki 360 klst. á ári. Hverjum skóla um sig er heimilt að auka tímabundið við þennan þátt allt að 40 klst. á ári enda dragi þar með samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu hvers kennara.

**Þáttur C** byggir á sérstökum verkefnum eða viðbótarstörfum sem kennari tekur að sér í samráði við skólameistara. Tiltekinn tími sem verkefnum/viðbótarstörfunum er ætlaður dregur samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu viðkomandi kennara.

### Sundurliðun vinnuþáttar B

B miðað við 180 skóladaga	klst.	Skýring
Kaffitímar á starfstíma	105	35 mín/60 mín x 36 vikur x 5 dagar
Símenntun/starfsþróun	80	2 vikur til umráða fyrir kennara
Frágangur og undirbúningur skólaárs/anna	32	8 klst. x 4 dagar við lok og upphaf
Önnur vinna skv. reglugerð þar af áætlað:	143	um það bil 4 klst á viku í 36 vikur
Kennarafundir		u.þ.b. 1 klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Faglegt samstarf		u.þ.b. 1 klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Viðtalstímar		u.þ.b. 1 klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Almenn upplýsingagjöf		u.þ.b. ½ klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Almenn umsjónarstörf		u.þ.b. ½ klst. x 36 vikur á starfstíma skólans

### Samtals 360 Samspil vinnuþátta í vinnumati

Viðbótarorlof 30 til 37 ára er 24 klst. á ári og viðbótarorlof 38 ára og eldri er 48 klst. á ári.

Aldurstengdur afsláttur af kennsluþætti reiknast af A að teknu tilliti til viðbótarorlofs. Hann er 4,17% af A þætti kennara á aldrinum 55 til 59 ára og 20,83% af A þætti kennara 60 ára og eldri.

## Viðauki 1 bls. 2

með kjarasamningi  
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og  
Kennarasambands Íslands  
dags. 4. apríl 2014

### Samspil vinnuþátta í vinnumati og sundurliðun vinnutíma

Taflan hér að neðan sýnir samspil vinnuþátta í vinnumati kennara eftir aldri þegar hvorki er um aukningu á B-hluta að ræða né sérstök verkefni eða viðbótarstörf í C-hluta.

Aldur	A án afsláttar en með viðbótarorlofi	Aldursafsl. af A-þætti	A kennslu-þáttur	B fastur hluti	C sérstök verkefni	Stundir á ári
< 30 ára	1.440 klst.		1.440 klst.	360 klst.	0 klst.	1.800 klst.
30-37 ára	1.416 klst.		1.416 klst.	360 klst.	0 klst.	1.776 klst.
38-54 ára	1.392 klst.		1.392 klst.	360 klst.	0 klst.	1.752 klst.
55-59 ára	1.392 klst.	4,17% 58 klst.	1.334 klst.	360 klst.	0 klst.	1.752 klst.
60 ára +	1.392 klst.	20,83% 290 klst.	1.102 klst.	360 klst.	0 klst.	1.752 klst.

AS  
@16

## Viðauki 2

með kjarasamningi  
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og  
Kennarasambands Íslands  
dags. 4. apríl 2014

### Undirbúningur og fyrirkomulag vinnumats

#### Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn samkvæmt 9. grein kjarasamnings hefur yfirumsjón með undirbúningi og innleiðingu nýs vinnumats kennara í framhaldsskólum. Hún er skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af mennta- og menningarmálaráðuneyti, einum af fjármála- og efnahagsráðuneyti og þremur af Kennarasambandi Íslands.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið annast umsýslu og rekstur verkefnisstjórnarinnar.

Viðfangsefni verkefnisstjórnar eru sem hér segir:

- Að koma á fót vinnumatsnefndum og skilgreina verksvið þeirra.
- Að halda áfram vinnu við að skilgreina inntak og umfang einstakra hluta vinnumatsins í samstarfi við vinnumatsnefndir.
- Að vinna að sýnidæmum um vinnumat á grundvelli hlutlægra viðmiða og málefnalegra sjónarmiða, samanber 7. grein í kjarasamningi aðila í samstarfi við vinnumatsnefndir.

Verkefnisstjórn skal að öðru leyti ákveða sjálf frekari viðfangsefni og útfærslur.

Meginútfærsla vinnumats skal liggja fyrir eigi síðar en 20. janúar 2015. Verkefnisstjórn gerir þá aðilum grein fyrir henni. Verkefnisstjórnin skal enn fremur leggja mat á framtíðarskipan vinnumatsnefnda í samráði við aðila málsins.

Staða verkefnisstjórnarinnar verður endurmetin af samningsaðilum þegar meginverkefni hennar eru komin í höfn.

#### Vinnumatsnefndir

Vinnumatsnefndir samkvæmt grein 9.2 í kjarasamningi verða stofnaðar samkvæmt nánari ákvörðunum verkefnisstjórnar. Hver vinnumatsnefnd skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur tilnefndum af Kennarasambandi Íslands og tveimur tilnefndum af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Hver vinnumatsnefnd sinnir ákveðnum fjölda framhaldsskóla.

Hlutverk vinnumatsnefnda er:

Að vinna, í samstarfi við verkefnisstjórn, að skilgreiningum á inntaki og umfangi einstakra hluta vinnumatsins og sýnidæmum um vinnumat á grundvelli hlutlægra viðmiða og málefnalegra sjónarmiða, samanber grein 9.2 í kjarasamningi.

Að aðstoða skóla við umfjöllun um, prófanir á og innleiðingu nýs vinnumats.



## Viðauki 2 bls 2

**með kjarasamningi  
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og  
Kennarasambands Íslands  
dags. 4. apríl 2014**

Að skera úr ágreiningi um vinnumat námsáfanga einstakra skóla sem skotið er formlega til hennar af skólameistara eða kennara til úrskurðar. Niðurstaða vinnumatsnefndar skal liggja fyrir eigi síðar en 14 virkum dögum eftir að henni barst erindið að því tilskildu að því hafi fylgt fullnægjandi gögn en ella svo fljótt sem verða má. Náist ekki samkomulag í vinnumatsnefnd um ágreining um vinnumat námsáfanga sem til hennar hefur verið vísað skal hún innan 7 virkra daga frá því að sú niðurstaða liggur fyrir, vísa málinu til úrskurðarnefndar.

### Úrskurðarnefnd

Úrskurðarnefnd samkvæmt 11. grein kjarasamnings skal skipuð þremur fulltrúum. Þeir skulu tilnefndir af Kennarasambandi Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti og ríkissáttasemjara og skal sá síðastnefndi vera formaður og kallar hann nefndina saman að fengnum tilnefningum aðila. Úrskurðarnefndin setur sér sjálf starfsreglur.

Við úrlausn vinnumatsdeilu skal úrskurðarnefndin hafa til hliðsjónar þær tillögur sem aðilar höfðu sett fram. Nefndin skal skila úrskurði ekki síðar en 30 dögum eftir að málinu var vísað til hennar. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur.

### Kostnaður

Kostnaður af starfi verkefnisstjórnar, vinnumatsnefnda og úrskurðarnefndar telst sjálfstæður hluti af kostnaðarmati kjarasamningsins.

AS  
2015

**SAMKOMULAG**  
**um tiltekin kjör stjórnenda**

**með kjarasamningi**  
**fjármála-og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og**  
**Kennarasambands Íslands**  
**dags. 4. apríl 2014**

**Starfsþróun stjórnenda**

Samkvæmt grein 2.1.7.1. hafa stjórnendur 80 stundir (samanber grein 2.1.6.1) á ári til umráða til endurmenntunar. Stjórnendur skulu eiga rétt á að umbúnaður um starf þeirra sé með þeim hætti að þeir geti nýtt sér þennan tíma. Það gæti verið gert með því að efla hlut dagvinnulauna stjórnenda í heildarlaunum, gera við þá fastlaunasamninga eða skipuleggja ársvinnutíma og nauðsynlegan sveigjanleika og gæta í því skipulagi þess, að stjórnendur fái tækifæri til endurmenntunar. Takist skóla ekki að tryggja stjórnendum umsaminn endurmenntunartíma ber eðli máls samkvæmt að greiða yfirvinnu fyrir þá tíma sem vantar upp á fullar 80 stundir.

**Stjórnendur sem starfa áfram við skólann en láta af stjórnunarstörfum**

Stjórnandi sem gegnt hefur stjórnendastarfi í að minnsta kosti 50% starfi skv. lögum og reglugerðum um framhaldsskólann í að minnsta kosti 8 ár, skal heimilt að ráðstafa allt að 50% fyrri stjórnunarskyldu sinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi við skólameistara til endurmenntunar, aðstoðar við eftirmann og/eða skólaþróunar fyrsta árið eftir að hann lætur af stjórnunarstarfi.

Stjórnandi sem gegnt hefur stjórnendastarfi í að minnsta kosti 50% starfi skv. lögum og reglugerðum um framhaldsskóla í að minnsta kosti 4 ár, skal heimilt að ráðstafa allt að 25% fyrri stjórnunarskyldu sinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi við skólameistara til endurmenntunar, aðstoðar við eftirmann og/eða skólaþróunar fyrsta árið eftir að hann lætur af stjórnunarstarfi.

# SAMKOMULAG

um tiltekin kjör náms- og starfsráðgjafa

með kjarasamningi  
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs  
og  
Kennarasambands Íslands  
dags. 4. apríl 2014

## Umbúnaður um vinnu náms- og starfsráðgjafa

Innihaldslýsingu starfa náms- og starfsráðgjafa er að finna í viðauka 1 með samningi dagsettum 18. mars 2005. Um vinnutíma þeirra fer samkvæmt almennum vinnutímaákvæðum, en ekki sérákvæðum um vinnutíma kennara nema 80 stundum til endurmenntunar sem kveðið er á um í grein 2.1.6.2 og gerðar eru gildandi fyrir þá með bókun 7 í sama samningi.

### Bókun 7

Viðauki 3 í síðustu útgáfu kjarasamnings, „Samkomulag um námsráðgjafa“ var undirritað 22. júní 1995 og var kveðið á um að það skyldi endurskoðað í ljósi reynslunnar.

Samkomulagið fjallar m.a. um skiptingu árlegs vinnutíma námsráðgjafa á 10 mánaða tíma auk möguleika á útfærslu m.v. 9 mánaða starfstíma. Aðilar eru sammála um að í tengslum við kerfisbreytingu í maí 2006 taki samningar náms- og starfsráðgjafa og einstakra framhaldsskóla um skiptingu vinnutíma þeirra við af samkomulaginu og það falli úr gildi frá og með upphafi skólaárs 2006-2007. Heimilt er að leita til sáttanefndar sbr. gr. 11.5 verði ágreiningur.

Athuga ber að tími náms- og starfsráðgjafa til endurmenntunar og undirbúnings verður eftir sem áður 80 stundir á ári.

Í ljósi inntaks bókunarinnar leggja samningsaðilar áherslu á að skólar búi um vinnutíma þessara starfsmanna með þeim hætti að gætt sé að öllum þáttum starfs þeirra í vinnutímaramma sem skólar setji sér og náms- og starfsráðgjöfum sínum, samanber og 2. málsgrein 8. greinar laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996: *Hver sá er starf veitir getur sett starfsmanni erindisbréf, enda skal að jafnaði setja starfsmanni slík fyrirmæli ef hann óskar þess, hvort sem það varðar starf hans almennt eða einstaka grein þess eða greinar.*

Slíkur rammi um störf og vinnutíma náms- og starfsráðgjafa ætti að taka til dreifingar vinnuþátta þeirra innan ársins. Auk þess ætti slíkur rammi að gera náms- og starfsráðgjöfum auðveldara að halda reiðu á vinnu sinni gagnvart skólanum og gagnkvæmt.

## Fylgiskjal 1

með kjarasamningi  
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og  
Kennarasambands Íslands  
dags. 4. apríl 2014

### Launatöflur með samningi þessum

Frá 1. mars 2014

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	291.140	297.595	304.050	310.506	316.960	323.415	329.867	336.323	342.777
02	304.050	310.827	317.604	324.382	331.158	337.936	344.714	351.492	358.268
03	317.604	324.721	331.838	338.953	346.069	353.185	359.072	364.958	370.845
04	331.838	339.309	346.781	354.252	360.496	366.738	372.979	377.992	383.619
05	346.781	354.627	361.243	367.857	373.245	379.858	385.859	393.705	401.551
06	361.243	368.250	374.029	381.036	387.429	395.666	403.904	412.143	420.380
07	374.029	381.449	388.253	396.902	405.552	414.203	422.852	431.502	440.153
08	388.253	397.335	406.418	415.499	424.581	433.662	442.745	451.826	460.910
09	406.418	415.954	425.489	435.026	444.562	454.098	463.634	473.171	482.707
10	425.489	435.503	445.516	455.529	465.541	475.555	485.568	495.581	505.593
11	445.516	456.029	466.545	477.058	487.572	498.085	508.598	519.112	529.626
12	466.545	477.584	488.624	499.662	510.702	521.742	532.782	543.819	554.859
13	488.624	500.216	511.808	523.398	534.988	546.580	558.171	569.763	581.354
14	511.808	523.978	536.150	548.319	560.491	572.661	584.833	597.003	609.174
15	536.150	548.929	561.707	574.488	587.266	600.046	612.825	625.606	638.387
16	561.707	575.127	588.544	601.963	615.382	628.800	642.219	655.638	669.056
17	588.544	602.634	616.723	630.813	644.902	658.992	673.081	687.169	701.260
18	616.723	631.517	646.310	661.105	675.900	690.693	705.486	720.279	735.074

Í gildi 1.8.2014

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	305.697	312.475	319.253	326.031	332.808	339.586	346.360	353.139	359.916
02	319.253	326.368	333.484	340.601	347.716	354.833	361.950	369.067	376.181
03	333.484	340.957	348.430	355.901	363.372	370.844	377.026	383.206	389.387
04	348.430	356.274	364.120	371.965	378.521	385.075	391.628	396.892	402.800
05	364.120	372.358	379.305	386.250	391.907	398.851	405.152	413.390	421.629
06	379.305	386.663	392.730	400.088	406.800	415.449	424.099	432.750	441.399
07	392.730	400.521	407.666	416.747	425.830	434.913	443.995	453.077	462.161
08	407.666	417.202	426.739	436.274	445.810	455.345	464.882	474.417	483.956
09	426.739	436.752	446.763	456.777	466.790	476.803	486.816	496.830	506.842
10	446.763	457.278	467.792	478.305	488.818	499.333	509.846	520.360	530.873
11	467.792	478.830	489.872	500.911	511.951	522.989	534.028	545.068	556.107
12	489.872	501.463	513.055	524.645	536.237	547.829	559.421	571.010	582.602
13	513.055	525.227	537.398	549.568	561.737	573.909	586.080	598.251	610.422
14	537.398	550.177	562.958	575.735	588.516	601.294	614.075	626.853	639.633
15	562.958	576.375	589.792	603.212	616.629	630.048	643.466	656.886	670.306
16	589.792	603.883	617.971	632.061	646.151	660.240	674.330	688.420	702.509
17	617.971	632.766	647.559	662.354	677.147	691.942	706.735	721.527	736.323
18	647.559	663.093	678.626	694.160	709.695	725.228	740.760	756.293	771.828

Í gildi 1.1.2015

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	311.811	318.725	325.638	332.552	339.464	346.378	353.287	360.202	367.114
02	325.638	332.895	340.154	347.413	354.670	361.930	369.189	376.448	383.705
03	340.154	347.776	355.399	363.019	370.639	378.261	384.567	390.870	397.175
04	355.399	363.399	371.402	379.404	386.091	392.777	399.461	404.830	410.856
05	371.402	379.805	386.891	393.975	399.745	406.828	413.255	421.658	430.062
06	386.891	394.396	400.585	408.090	414.936	423.758	432.581	441.405	450.227
07	400.585	408.531	415.819	425.082	434.347	443.611	452.875	462.139	471.404
08	415.819	425.546	435.274	444.999	454.726	464.452	474.180	483.905	493.635
09	435.274	445.487	455.698	465.913	476.126	486.339	496.552	506.767	516.979
10	455.698	466.424	477.148	487.871	498.594	509.320	520.043	530.767	541.490
11	477.148	488.407	499.669	510.929	522.190	533.449	544.709	555.969	567.229
12	499.669	511.492	523.316	535.138	546.962	558.786	570.609	582.430	594.254
13	523.316	535.732	548.146	560.559	572.972	585.387	597.802	610.216	622.630
14	548.146	561.181	574.217	587.250	600.286	613.320	626.357	639.390	652.426
15	574.217	587.903	601.588	615.276	628.962	642.649	656.335	670.024	683.712
16	601.588	615.961	630.330	644.702	659.074	673.445	687.817	702.188	716.559
17	630.330	645.421	660.510	675.601	690.690	705.781	720.870	735.958	751.049
18	660.510	676.355	692.199	708.043	723.889	739.733	755.575	771.419	787.265

AS  
DMS




## Yfirlýsing mennta- og menningarmálaráðherra

Mennta- og menningarmálaráðherra mun á gildistíma kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra og Kennarasambands Íslands, sem undirritaður er í dag, innleiða aðalnámskrá framhaldsskóla, m.a. með því að:

- endurskipuleggja formlegan námstíma í samræmi við núgildandi aðalnámskrá og aðgangsviðmið háskóla. Miðað er við að þessar breytingar hefjist í skrefum haustið 2015.
- efla menntun og starfsþróun kennara með framlögum í sjóð til endurmenntunar framhaldsskólakennara og fjölgun námsorlofa.
- styðja markvisst við útfærslu nýs skipulags vinnutíma og mats á vinnu kennara.
- færa reiknilíkan framhaldsskóla í nýtt horf með áherslu á að grunnbreytur endurspegli launakostnað sem réttast á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að endurskoðun reiknilíkans verði lokið á fyrri hluta ársins 2015.
- endurskoða reglugerð 6/2001 og auglýsingu 4/2001 til samræmis og stuðnings við breytingarnar.
- miðað er við að frá og með skólaárinu 2014-2015 verði leitað samþykkis viðkomandi kennara ef nemendur í námshópum eru meira en fimmtungi fleiri en núverandi viðmið reiknilíkans fela í sér.

Reykjavík, 4. apríl 2014



Illugi Gunnarsson

## Viðauki við yfirlýsingu mennta- og menningarmálaráðherra í apríl 2014

Í samræmi við yfirlýsingu ráðherra dagsettri 4. apríl 2014 mun mennta- og menningarmálaráðuneytið í kjölfar undirritunar samnings Kennarasambands Íslands og fjármála- og efnahagsmálaráðherra beita sér fyrir að 5 m. kr. framlag renni til SEF, samstarfsnefndar um endurmenntun kennara, á árinu 2014 og að það framlag verði fast á samningstímanum. Þá verði á samningstímanum bætt við þremur námsorlofum kennara, samanber grein 10.2.2. í kjarasamningi, einu á hverju ári samningsins. Hið fyrsta er almennt námsorlof en seinni tvö eru námsorlof sem skólameistarar sækja um fyrir hönd kennara.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun í samræmi við yfirlýsingu ráðherra dags. 4. apríl 2014 gangast fyrir breytingu á 1. og 2. grein reglugerðar 6/2001 um starfstíma framhaldsskóla þannig að þær verði svo hljóðandi:

### 1. gr.

Skólaárið 2014-2015 verður starfstími nemenda í framhaldsskólum ekki skemmri en níu mánuðir. Skóladagar skulu vera 175 og samanstanda af kennsludögum og námsmatsdögum.

Skólaárið 2014-15 ákveður skólameistari, að höfðu samráði við skólaráð og almennan kennarafund, upphaf og lok skólastarfs á bilinu 22.08– 31.05. Hann skal tilkynna kennurum og nemendum þá ákvörðun fyrir lok maí 2014 .

### 2. gr.

Frá og með skólaárinu 2015-16 skal árlegur starfstími nemenda í framhaldsskólum miðast við 180 kennslu- og námsmatsdaga. Skólameistari ákveður, að höfðu samráði við skólaráð og almennan kennarafund, upphaf og lok skólastarfs ár hvert á bilinu 18.08– 31.05. Hann skal tilkynna kennurum og nemendum þá ákvörðun fyrir lok næsta skólaárs á undan.

Þá mun ráðuneytið gangast fyrir eftirfarandi breytingum á auglýsingu 4/2001 um almennt hlutfall námseininga og kennslustunda, hópstærðir og breytileg viðmið kennslustunda í framhaldsskólum:

Fyrsta grein hennar verði óbreytt skólaárið 2014 – 2015 en falli síðan út.

Síðasta málsgrein í 2. grein hennar verður svo hljóðandi frá og með skólaárinu 2014 – 2015:

Leitað verði samþykkis viðkomandi kennara ef nemendur eru meira en fimmtungi fleiri en viðmið reiknilíkans fela í sér.

## Sameiginleg yfirlýsing

### **fjármála- og efnahagsráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra um ráðstafanir vegna rekstrarvanda framhaldsskóla í tengslum við gerð kjarasamnings framhaldsskólakennara og ríkisins**

Á fundi sínum þann 14. mars sl. samþykkti ríkisstjórn Íslands tillögu fjármála- og efnahagsráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra um ráðstafanir vegna rekstrarvanda framhaldsskóla. Í framhaldinu hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið óskað eftir að 400 m.kr. nýtt fjárframlag verði veitt til framhaldsskóla þegar á árinu 2014 og fast framlag á árinu 2015.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur undanfarna mánuði unnið að stefnu í málefnum framhaldsskóla sem miðar að því að bæta námsframvindu og auka skilvirkni í framhaldsskólakerfinu. Þessar aðgerðir munu til lengri tíma litið skila sér í bættri afkomu framhaldsskóla. Engu að síður er nauðsynlegt að þegar verði brugðist við þeim bráðavanda sem nú blasir við í rekstri skólanna.

Eins og fram kemur í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstrarstöðu og reiknilíkan framhaldsskóla þá voru 16 af 28 opinberum framhaldsskólum reknir með halla á árinu 2013. Ríkisendurskoðun bendir á að vegna þeirrar áherslu sem lögð hefur verið á að framhaldsskólar komi til móts við fólk sem stendur höllum fæti á vinnumarkaði hefur ekki verið dregið úr umfangi skólastarfsins til samræmis við minnkandi fjárveitingar. Ríkisendurskoðun hefur beint þeim tilmælum til mennta- og menningarmálaráðuneytis að brugðist verði tafarlaust við bágrí rekstrarstöðu framhaldsskólanna og að stuðlað verði með skýrri stefnu og forgangsröðun að auknu samræmi milli fjárveitinga og þeirrar þjónustu sem skólar eiga að veita.



Í frumvarpi til fjárlaga 2014 var vakin athygli á að framhaldsskólastigið hafi mátt þola samdrátt í framlögum eins og aðrir málaflokkar ríkisins. Á sama tíma hefur ekki verið gert ráð fyrir að það dragi mikið úr umsvifum skólakerfisins. Þrátt fyrir mikið aðhald var samanlögð rekstrarafkoma framhaldsskóla á árinu 2013 neikvæð um 100 m.kr. Brottfall tímabundinna fjárframlaga auk annarra veikleika í rekstri mun samkvæmt veikleikamati leiða til allt að 400 m.kr. halla á þessu ári. Að óbreyttum forsendum mun þessi halli vaxa á næstu árum.

Bág rekstrarstaða framhaldsskóla undanfarin ár hefur að mati kennara bitnað verulega á framkvæmd kjarasamnings. Þess vegna hafa framhaldsskólakennarar lagt á það áherslu í þeim kjaraviðræðum sem nú standa yfir að fundin verði lausn á rekstrarvanda skóla. Með því að brugðist verði við bráðavanda framhaldsskólans með auknum framlögum og frekari forgangsröðun má bæta forsendur framhaldsskólanna til að koma til móts við þessi sjónarmið kennara. Til lengri tíma þarf að bregðast við vanda framhaldsskólans með fjölþættum aðgerðum sem m.a. skapa forsendur fyrir bættem kjörum í skólum.

Í ljósi þessa munu fjármála- og efnahagsráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra beita sér fyrir eftirfarandi aðgerðum:

- Brugðist verði við bráðavanda í rekstri framhaldsskóla til að styrkja rekstrargrundvöll þeirra með auknum fjárheimildum þegar á árinu 2014.
- Í undirbúningi lokafjárlaga 2013 verði staða framhaldsskóla með mikinn uppsafnaðan rekstrarvanda skoðuð með það fyrir augum að skapa raunhæfar rekstrarforsendur.
- Tryggðar verða fjárveitingar til að efna boðaðar breytingar á starfi framhaldsskóla, sem m.a felast í auknum sveigjanleika í skipulagi náms.
- Í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar verði áfram unnið að því að styrkja rekstrargrunn framhaldsskóla og auka samræmi milli fjárveitinga og þeirra þjónustu sem skólarnir eiga að veita.

Samhliða þessum aðgerðum verður unnið að bættem árangri og kerfisbreytingum í starfi framhaldsskóla til lengri tíma. Enn fremur verður unnið að bættem forgangsröðun og stýringu í þjónustu framhaldsskólans og hugað að öðrum aðgerðum til að auka fjölbreytni.



**Samkomulag**  
**um**  
**vinnu kennara við skólalok vorið 2014**

**Fyrirkomulag nauðsynlegra aðgerða til að ljúka skólaárinu/vorönn 2014**

Vegna þeirra frátafa sem orðið hafa í framhaldsskólum vegna verkfalls er gert er ráð fyrir að skólar muni þurfa svigrúm sem svarar til a.m.k. 5 daga kennslu aukalega til að veita nemendum möguleika á að ljúka áföngum á faglegan hátt miðað við grundvallarmarkmið skólanámskráa.

Það gætu skólar gert með því t.d. að:

Hliðra eftir atvikum prófatíma og/eða þetta prófa- og frágangstímabil.

Bæta viðbótartímum á stundaskrá þeirra daga sem eftir lifa af kennslutíma.


Nýta annan tíma sem samkomulag verður um.


Það verði nánar útfært í hverjum skóla eftir aðstæðum hans.

**Launauppgjör kennara vegna þessarar aukavinnu**

Vegna slíkrar aukakennslu og vinnu við að endurskipuleggja lok áfanga við þessar aðstæður er samkomulag um að skerðing á sumarhluta launa vegna verkfallstíma komi ekki til framkvæmda og auk þess verði öllum kennurum greidd eingreiðsla að upphæð kr. 40.000 miðað við fullt starf. Kennarar skuldbinda sig á móti til að sinna þessari vinnu og greiða úr þeim vandamálum sem þarf að leysa.

Reykjavík, 4. apríl 2014

f.h. samninganefndar ríkisins  


f.h. Kennarasambands Íslands  
  
Atalheiður Sveingrímud.  
Sveinbjörn Arnarbjörn  
Blasí Kaldur Jónsdóttir  
Dildur S. Jakobsson  
Hefi Þóris  
Þórunn Þórunn  
Þórunn Þórunn

